



## Fjölumdæmis- og umdæmisþing 2010

### Framboð til embætta

Í samræmi við starfsreglur og lög Fjölumdæmis 109 vill fjölumdæmisstjórn koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga:

#### Þinghald og tillögur

**Fjölumdæmis- og umdæmisþing verða haldin í Mosfellsbæ dagana 14. og 15. maí 2010. Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er, samkvæmt 27. gr. laga fjölumdæmis 109, sem hér segir:**

Mál og/eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska að séu rædd á umdæmisþingi/fjölumdæmisþingi, skulu póstleggjast til umdæmisstjóra/fjölumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmis-/fjölumdæmisþing; þ.e. eigi síðar en 30. mars 2010.

Fjölumdæmisráð/umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.

Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, 1. og 2. varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2009-2010 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2010.

Kjörgengir til embætta umdæmisstjóra, 1. varaumdæmisstjóra og 2. varaumdæmisstjóra eru framþjóðendur sem uppfylla neðangreind skilyrði:

Hann/hún skal vera:

- Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdæmi 109.
- Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
- Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
- Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóra, gjaldkera/ritara) í umdæmisstjórn.

Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.

Tillögur um framboð til embættis fjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2010-2011 og embættis varafjölumdæmisstjóra <sup>1)</sup> fyrir starfsárið 2010-2011 (þ.e. fjölumdæmisstjóra 2011-2012) skal senda fjölumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2010.

Þeir einir eru kjörgengir til embætta fjölumdæmisstjóra og varafjölumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti umdæmisstjóra.

<sup>1)</sup> Kosið verður í embætti varafjölumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2010-2011, ef tillaga til lagabreytinga um embætti varafjölumdæmisstjóra verður samþykkt á þinginu 2010.

Einnig þarf að kjósa með framboðsfresti til 15. febrúar í eftirtalin embætti fjölumdæmisráðs:

- Alþjóðasamskiptastjóra til tveggja ára 2010-2012
- Kynningarstjóra til tveggja ára 2010-2012
- Stjórnarformann Hjálparsjóðs Lionsfjölumdæmis 109 til þriggja ára 2010-2013

**Embætti sem þarf að kjósa um á fjölumdæmisþingi en ekki senda inn tillögur um eru:** Fjölumdæmisritara til eins árs, fjölumdæmisgjaldkera til eins árs og tveggja endurskoðenda til eins árs og tveggja til vara.

Með Lionskveðju  
Guðrún Björt Yngvadóttir,  
fjölumdæmisstjóri 2009-2010